

Lánasjóður sveitarfélaga – Vegna dóms héraðsdóms

Í fyrradag féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Sveitarfélagsins Skagafjarðar gegn Lánasjóði sveitarfélaga. Lánasjóðnum er í dómnum gert að leiðrétta það lán sem ágreiningur var um, þar sem dómurinn telur það hafa verið í íslenskum krónum. Leiðrétting lánsins nemur 114,5 milljónum króna. Ekki hefur verið ákveðið hvort málinu verður áfrýjað en ákvörðun um það skal taka innan 3ja mánaða. Tvö önnur mál eru nú til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Í tilefni af frétt af málinu er rétt að upplýsa eftirfarandi:

Í framhaldi af dómi Hæstaréttar í júní 2010 hefur sjóðurinn ítvígang sent FME útreikninga á lánasafni sjóðsins út frá forsendum og flokkun FME. Stjórn sjóðsins hefur ítrekað fjallað um lánasafnið út frá þeim dómum sem fallið hafa undanfarið. Stjórn hefur verið á þeirri skoðun að samningar sjóðsins hafi verið gerðir í samræmi við lög. Stjórn hefur ekki þótt ástæða til að gera varúðarafskrift eða upplýsa sérstaklega um fjárhæð mögulegra niðurfærslna. Erfitt er fyrir stjórnendur að tjá sig um þessi mál á meðan ágreiningur um þau eru fyrir dómstólum, þó vilji sé til að halda fjárfestum eins upplýstum og mögulegt er.

Lán Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur nokkra sérstöðu í lánasafni sjóðsins. Í flokkun og útreikningum sem sjóðurinn framkvæmdi að forskrift FME er heildar höfuðstóll lána sem flokkuðust eins og lán Skagfirðinga bókfærð á 3.039 milljónir króna, í árslok 2008 var verðmæti útlána sjóðsins í erlendum myntum samtals 19.188 milljónir króna. Það er alls ekki skoðun lánasjóðsins að öll lán sem falla í sama flokk samkvæmt flokkun FME séu eins í skilningi laga. Eigið fé sjóðsins m.v. síðasta uppgjör sjóðsins er 15,5 milljarðar og CAD hlutfall sjóðsins er 64%.

Þá telja stjórnendur sjóðsins rétt að upplýsa að sú sérkennilega staða er komin upp varðandi útreikning eiginfjárlutfalls skv. CAD útreikningi, að CAD hlutfall sjóðsins batnar við það að erlend lán séu dæmd ólögleg krónulán, þó í því felist fjárhagslegt tjón fyrir sjóðinn og þar með hluthafa hans. Þetta orsakast af því að erlend lán til sveitarfélaga vega 100% í CAD en lán í krónum 20%.

Nánari upplýsingar veitir Óttar Guðjónsson Framkvæmdastjóri í síma 515 4949 eða 895 4567